

Fiskeldi Laxóss á landi við Hauganes í Eyjafirði

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 16. apríl 2026 barst Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) matsáætlun Laxóss ehf. vegna landeldisstöðvar fyrir allt að 22.000 tonnum af laxi og/eða regnbogaurriða norðan Hauganes við Eyjafjörð samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 1.09 í 1. viðauka laganna.

HMS leitaði umsagna Dalvíkurbyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Lands og skógar, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar og Vegagerðarinnar um matsáætlun Laxóss.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu í Bændablaðinu 30. apríl 2026 og var aðgengileg á Skipulagsgátt. Kynningartími matsáætlunar var frá 15. apríl til 13. maí 2026.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Laxós ehf.: Fiskeldi á landi við Hauganes, Eyjafirði. Matsáætlun samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Reykjavík, 16. apríl 2026, Guðmundur Valur Stefánsson & Laxós.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Dalvíkurbyggð, dags. 3. júní 2026
- Fiskistofu, dags. 4. júní 2026
- Hafrannsóknastofnun, dags. 21. maí 2026
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, dags. 12. maí 2026
- Landi og skógi, dags. 5. maí 2026
- Matvælastofnun, dags. 12. maí 2026
- Minjastofnun Íslands, dags. 4. maí 2026
- Náttúrufræðistofnun, dags. 11. maí 2026
- Náttúruverndarstofnun, dags. 13. maí 2026
- Umhverfis- og orkustofnun, dags. 11. maí 2026
- Vegagerðinni, dags. 13. maí 2026

Einnig barst umsögn frá:

- Kjartani Gústafssyni, dags. 5. maí 2026

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 29. maí 2026.

3 Framkvæmd

Í matsáætlun Laxóss eru kynnt áform fyrirtækisins um landeldisstöð fyrir lax og/eða regnbogaurriða norðan Hauganess við Eyjafjörð með árlegri framleiðslu um 22.000 tonn miðað við slægðan fisk með haus. Í matsáætluninni er umfjöllun um hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun telur í ljósi eðlis starfseminnar brýnt að megináherslur í umhverfismatsskýrslu verði þrennt:

1. Í ljósi þess að um er að ræða framleiðslufyrirtæki er brýnt að greina frá öllu því sem þarf til starfseminnar, s.s. notkun hráefna, orku og annarra auðlinda og mannafla. Einnig þarf að tilgreina allt sem berst frá starfseminni, þ.e. afurðir og það sem ekki nýtist til starfseminnar, m.a. mengunarefni, hvort sem þau eru loftborin, fljótandi eða á föstu formi.
2. Starfsemin er mjög tengd sjó bæði vegna þess að miklu magni af sjó þarf að dæla til eldisins og á móta magni verður veitt til sjávar með fráveitu. Það þarf því að leggja áherslu á áhrif starfseminnar á efnabúskap og lífríki sjávar auk þess sem birta þarf áhrifamat vatnshlota með umhverfismatsskýrslu og vinna helstu niðurstöður þess inn í umhverfismatsskýrsluna.
3. Starfsemin felst í eldi á laxfiskum sem getur, ef illa fer, haft neikvæð áhrif á náttúrulega stofna sem þrífast í og við Eyjafjörð. Því er sérstaklega mikilvægt að umhverfismatið verði notað til að greina þær hættur sem náttúrulegum stofnum kunna að stafa af starfseminni og hvaða ráðstöfunum verði beitt til að fyrirbyggja neikvæð áhrif á náttúrulega stofna.

Framkvæmdalýsing og áfangaskipting

HMS bendir á að í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir framkvæmdaþáttum allra áfanga, öllum tengdum framkvæmdum s.s. vegum, lögnum, hafnaraðstöðu, brimvarnargörðum, efnisnotkun og efnistökusvæðum, orku- og auðlindanýtingu, mannafla, flutningum og áhrifum allra tengdra framkvæmda á tilgreinda umhverfisþætti. Áfangaskipta uppbyggingu þarf að setja fram í töflu og á myndum.

Einnig þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

Valkostir

Í matsáætlun Laxóss kemur fram að þrátt fyrir að engir aðrir raunhæfir staðsetningarvalkostir liggi fyrir verði valkostir innan framkvæmdarinnar teknir til skoðunar í umhverfismatinu. Þar megi nefna valkosti sem lúti að umfangi starfseminnar, rekstrarfyrirkomulagi og tæknilegri útfærslu.

4 Álit HMS

HMS hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit HMS fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit HMS er

bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila, svörum við umsögnum eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

Framkvæmd

Í matsáætlun kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd felist í uppbyggingu umfangsmikillar landeldisstöðvar fyrir laxeldi við Hauganes í Eyjafirði. Framkvæmdinni verður skipt í þrjá áfanga. Áfangi 1, seiðaðið við Öldugötu 31 á Árskógssandi, er með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Í matsáætluninni er fjallað um 2. og 3. áfanga, stórseiðastöð og matfiskastöð á Hauganesi þar sem hámarkslífmassi stöðvanna verði 16.000 tonn.

Skipulagssvæði framkvæmdarinnar er um 14,5 ha að stærð, en beint jarðrask er áætlað um 7 ha á hluta svæðisins. Framkvæmdin felur í sér byggingu eldisstöðvar í nokkrum áföngum, þar sem stærsti hluti starfseminnar er matfiskeldi í þremur skálum. Í hverjum skála verða 16 eldisker, samtals 48 ker. Heildareldisrými stöðvarinnar er um 240.000 m³ og áætluð árleg framleiðslugeta um 22.000 tonn af slægðum laxi eða regnbogasilungi.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar er bent á að í matsáætlun komi fram að ársframleiðsla sé áætluð 27.240 tonn miðað við fulla framleiðslu og væri æskilegt að miða við þá tölu í umhverfismatsskýrslu en ekki framleiðslu á slægðum fiski.

HMS er sammála Umhverfis- og orkustofnun og fer fram á að framleiðslumagn í umhverfismatsskýrslu miðist við óslægðan fisk líkt og tíðkast í öðrum fiskeldisverkefnum.

Áhrif starfseminnar á viðtaka frárennslis

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að umfjöllun um losun frá starfseminni þurfi að útfæra nánar, s.s. hvað berist inn í stöðina, hvað myndist, hvað verði fjarlægst og hvað berist í hafið. Nauðsynlegt sé að sundurliða magn fastra og uppleystra lífrænna efna, greina í C, N og P, um hvaða efnasambönd sé að ræða, gera grein fyrir hreinsun, endurnýtingu og raunverulegri nettólosun til viðtakans eftir hreinsun. Miðað við framlagðar upplýsingar virðist verulegur hluti uppleystra efna og hluti fastra efna berast til viðtakans eftir hreinsun. Mikilvægt er að framkvæmdaraðili leggi fram skýra og greinargóða sundurliðun á þessu álagi. Ekki hefur verið óskað eftir burðarþolsmati fyrir Eyjafjörð og engin krafa er gerð um það vegna landeldis. Þó er að mati Hafrannsóknastofnunar þörf á að fá mat á álagsþoli viðtaka ef landeldi er af þessari stærðargráðu og þá ekki síst vegna samlegðaráhrifa margra ólíkra þátta á vatnshlotin. Meta á strauma í firðinum skv. matsáætluninni. Í matsáætluninni kemur fram að Laxós ehf. meti að Eyjafjörður sé mjög öflugur viðtaki með hraðri endurnýjun sjávar og segi hann með eindæmum öflugan viðtaka lífræns úrgangs skv. sínum gögnum. Að mati Hafrannsóknastofnunar er ekki unnt að draga slíka ályktun án nánara mats á dreifingu efna, viðtökupoli og vistfræðilegum áhrifum á viðtakann. Mat á burðarþoli krefst ítarlegrar vísindalegrar nálgunar.

Hafrannsóknastofnun telur því að:

1. Mikilvægt sé að fá mat á allan fjörðinn, þ.e.a.s. meta dreifingu uppleystra og fastra efna með straumum, einnig samlegðaráhrif með losun frá Akureyri.
2. Meta þurfi áhrif staðsetningar og möguleg næráhrif losunar þar sem losun er mjög nálægt landi en lagnir enda innan við 50 m frá ströndinni.

3. Meta þurfi hvort losun geti haft staðbundin áhrif á strandsvæði nærri framkvæmdinni, þ.m.t. útivistar- og ferðamannasvæði við Hauganes.
4. Meta þurfi áhrif ofauðgunar á svifþörungablóma og á vistkerfið í heild og einnig hvort aukin hætta sé á að staðbundin ofauðgun verði við útrásir (fínna skali).

Hafrannsóknastofnun bendir á að framleiðslan verði samfelld og því njóti svæði við útrásirnar ekki sambærilegs hvíldartíma og áhrifasvæði sjókvíaldis. Reynsla af landeldisstöðvum af þessari stærðargráðu sé ekki til staðar hérlandis sem undirstriki mikilvægi þess að losun, hreinsun, dreifing efna úr frárennsli og mat á áhrifum á viðtakann séu útfærð með skýrum og gagnsæjum hætti.

Í svörum Laxóss við umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur m.a. fram að álagspól viðtaka verði metið, dreifing efna um Eyjafjörð verði metin auk samlegðaráhrifa með annarri losun í viðtaka. Þá segir að áhrif ofauðgunar á svifþörungablóma verði metin í firðinum sem og við útrásir.

HMS tekur undir með Hafrannsóknastofnun um nauðsyn þess að álagspól viðtakans verði metið.

- Í umhverfismatsskýrslu þarf að lýsa grunnástandi strandsjavarhlotsins sem verður fyrir áhrifum vegna sjótöku og fráveitu m.t.t. gæðapátta sem notaðir eru til að meta ástand strandsjavarhlota, þ.e. nitrats, fosfats, blaðgrænu, hryggleysingja og þörungna.
- Í umhverfismatsskýrslu þarf að leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar og samlegðaráhrif með öðrum framkvæmdum á svæðinu á vatnshlotið, þ.m.t. hvort umhverfismarkmið vatnshlotsins náist. Áhrifamatið þarf að vinna samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.
- Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvaða lífverur finnast í fjöru á áhrifasvæði frárennslis frá starfseminni. Hver séu líkleg áhrif frárennslis á tegundasamsetningu eða fjölbreytileika í fjöru og sjó. Hver séu líkleg samlegðaráhrif framkvæmdar með annarri starfsemi á lífríki viðtaka. Jafnframt þarf að gera grein fyrir og meta áhrif sjótökunnar á lífríkið.
- Í umhverfismatsskýrslu þarf að meta Eyjafjörð í heild sinni, þ.e. meta dreifingu uppleystra og fastra efna með straumum, einnig samlegðaráhrif með losun frá stærri þéttbýlisstöðum við Eyjafjörð.
- Í umhverfismatsskýrslu þarf að meta áhrif staðsetningar og möguleg næráhrif losunar fráveitu þar sem losun er mjög nálægt landi en lagnir enda innan við 50 m frá ströndinni.
- Í umhverfismatsskýrslu þarf að meta hvort losun geti haft staðbundin áhrif á strandsvæði nærri framkvæmdinni, þ.m.t. útivistar- og ferðamannasvæði við Hauganes.
- Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir mati á áhrifum ofauðgunar á svifþörungablóma og á vistkerfið í heild og einnig hvort aukin hætta sé á að staðbundin ofauðgun verði við útrásir.

Önnur vatnshlot en sjór

Í köflum 5.1.3 og 5.1.4 í matsáætlun er fjallað um ferskvatnsöflun.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að þar sem framkvæmdin geri ráð fyrir nýtingu á köldu og heitu vatni og framkvæmdum við strandsjó þurfi að fjalla um áhrif á vatn í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun í umhverfismatsskýrslu. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn og strandsjó).

Einnig þurfi að gera grein fyrir mögulegum áhrifum á strýtur í Eyjafirði þ.á.m. Arnarnesstrýtur sem séu verndarsvæði skv. náttúruverndarlögum.

HMS tekur undir ábendingar í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar um nauðsyn þess að fram fari mat á áhrifum starfseminnar á þau vatnshlot sem verða fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

- Vinna þarf mat á áhrifum á vatnshlot fyrir þau vatnshlot sem verða fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Áhrifamat vatnshlotanna skal fylgja umhverfismatsskýrslu og þarf samantekt á helstu niðurstöðum áhrifamatsins að koma fram í umhverfismatsskýrslu. Áhrifamat vatnshlota skal vinna samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.
- Gera þarf grein fyrir strýtum í Eyjafirði og mögulegum áhrifum framkvæmdanna á þær.

Mögulegar slysasleppingar og áhrif þeirra

Í kafla 3.6.1 í matsáætlun er fjallað um fyrirkomulag til að fyrirbyggja slysasleppingar og í kafla 10.4 er viðbragðsáætlun við slysasleppingu.

Í umsögn Matvælastofnunar er bent á að umfjöllun um erfðablöndun við villta laxastofna sé ófullnægjandi í matsáætlun. Í umhverfismatsskýrslu þurfi mun ítarlegri umfjöllun um efnið. Einnig þurfi að tengja þá áhættu við umfjöllun um nánd við ósa. Nauðsynlegt sé að gera grein fyrir hvar nákvæmlega varnir til að fyrirbyggja slysasleppingar verði staðsettar á yfirlitsmynd. Einnig þurfi að gera betur grein fyrir dælingu í og úr brunnbáti þar sem þar er veikur hlekkur er kemur til stroks. Mikilvægt sé að verklag og viðbrögð séu mjög skýr. Heilt yfir þurfi umfjöllun um slysasleppingar og viðbrögð við þeim að vera mun ítarlegri.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að umhverfismatsskýrsla þurfi að fjalla með ítarlegum hætti um áhættumat vegna slysasleppinga. Þar þurfi m.a. að meta líkindi slysasleppinga með tilliti til framleiðslumagns og rekstrarfyrirkomulags, meta sérstaklega áhættu tengda flutningi lifandi fisks milli stöðva og mögulegan flutning fiska til slátrunar, gera grein fyrir tæknilegri útfærslu strokvarna og hvernig henni beri saman við þekktar framkvæmdir í sambærilegu landeldi og fjalla um reynslu af slysasleppingum úr landeldi hérlandis og erlendis og hvernig tekið verði mið af þeirri reynslu við hönnun og rekstur stöðvarinnar.

Hafrannsóknastofnun bendir einnig á að í umhverfismatsskýrslu þurfi að koma fram hvaðan eldisfiskur verði fenginn, hvaða stofnar verði notaðir, hver sé erfðafræðilegur uppruni þeirra og hvort um íslenska eða erlenda eldisstofna sé að ræða. Einnig bendir Hafrannsóknastofnun á mikilvægi Eyjafjarðar fyrir lífsferil villtra laxfiska og í því ljósi þurfi í umhverfismatsskýrslu að gera grein fyrir villtum laxfiskastofnum sem tengjast Eyjafirði, fjalla þurfi um göngumynstur og búsvæðanotkun laxa, sjóbleikju og sjóbirtings í firðinum, meta líkur á samvistum eldisfisks og villtra fiska í sjó og setja fram upplýsingar um stöðu og stærð villtra stofna sem viðmiðunarlínu (e. baseline) fyrir mat á mögulegum áhrifum. Sérstaklega þarf að horfa til stofna sem tengjast m.a. Fnjóská, Eyjafjarðará, Hörgá, Svarfaðardalsá og Þorvaldsdalsá.

Enn fremur bendir Hafrannsóknastofnun á að ekki sé vitað til þess að regnbogasilungur hafi myndað sjálfbæra villta stofna hér á landi, þó að dæmi séu um hrygningu og tilraunir fiska til að ganga í ferskvatn. Með hliðsjón af því þurfi í umhverfismatsskýrslu að gera grein fyrir því hvort regnbogasilungur verði framleiddur sem ófrjór fiskur, t.d. þrílitna (triploid), eða hvaða aðrar ráðstafanir verði notaðar til að draga úr mögulegri æxlunarhættu og hvernig komið verði í veg fyrir að kynþroska fiskur geti komist í ferskvatn eða átt samneyti við villta stofna.

HMS tekur undir ábendingar í umsögnum Hafrannsóknastofnunar og Matvælastofnunar og gerir ábendingar þeirra um efni umhverfismatsskýrslu að sínum.

- Fjalla þarf í umhverfismatsskýrslu með ítarlegum hætti um mögulega erfðablöndun við villta laxastofna við Eyjafjörð. Þá umfjöllun þarf að tengja við nálægð starfseminnar við ósa fiskgengra áa við Eyjafjörð. Fjalla þarf um göngumynstur og búsvæðanotkun laxa, sjóbleikju og sjóbirtings í firðinum, meta líkur á samvistum eldisfisks og villtra fiska í sjó og setja fram upplýsingar um stöðu og stærð villtra stofna sem viðmiðunarlínu (e. baseline) fyrir mat á mögulegum áhrifum.
- Greina þarf sérstaklega þá áhættuþætti þar sem ætla má að séu veikleikar með hliðsjón af slysasleppingum. Tilgreina þarf í umhverfismatsskýrslu hvar þá er að finna og til hvaða ráðstafana verði gripið til að fyrirbyggja stök eldisfiska sem og viðbrögð við því ef lifandi fiskar strjúka úr eldisstöðinni.
- Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir tæknilegri útfærslu strokvarna í samanburði við þekktar framkvæmdir í sambærilegu landeldi og fjalla um reynslu af slysasleppingum úr landeldi hérlendis og erlendis og hvernig tekið verði mið af þeirri reynslu við hönnun og rekstur stöðvarinnar.
- Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvort regnbogasilungur verði framleiddur sem ófrjór fiskur, t.d. þrílitna (triploid), eða hvaða aðrar ráðstafanir verði notaðar til að draga úr mögulegri æxlunarhættu og hvernig komið verði í veg fyrir að kynþroska fiskur geti komist í ferskvatn eða átt samneyti við villta stofna.

Áhrif af völdum lífræns úrgangs

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að í umhverfismati verði gerð grein fyrir meðhöndlun, flutningi og endanlegri ráðstöfun lífræns úrgangs, hvaða aðilar taki við honum og hvort nauðsynleg aðstaða og leyfi liggi fyrir. Ef ráðgert sé að nýta úrganginn sem áburð þurfi að gera grein fyrir hvar og með hvaða hætti honum verði ráðstafað, svo sem á túnum eða við uppgræðslu og landgræðslu, og meta umhverfisáhrif slíkrar nýtingar á jarðveg, gróður og vatn.

Í umsögn Matvælastofnunar er vísað til umfjöllunar um verðmætasköpun úr úrgangi frá eldinu. Matvælastofnun leggur til að fjallað verði um raunhæfar lausnir varðandi þennan þátt. Fyrirætlanir á Dysnesi við Eyjafjörð séu ekki lausn að mati Matvælastofnunar þar sem þau áform hafa verið sett á ís. Fjalla þurfi um aðrar leiðir í þessum efnum í umhverfismatsskýrslu. Matvælastofnun bendir á að allur dauður fiskur sem fellur til við fiskeldið sé skilgreindur sem KAT2 úrgangur sem krefst ákveðinnar vinnslu. Vinnsla á meltu sé leyfisskyld hjá Matvælastofnun. Ef reiknað sé með 10% afföllum í landeldi megi gera ráð fyrir minnst 2.724 tonnum af meltu. Betri upplýsingar vanti um vinnsluaðferðir og áætlað magn.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að nú þegar hafi landeldisfyrirtækjum hér á landi reynst erfitt að finna farveg fyrir þann úrgang sem krafist sé að fyrirtækin sía úr frárennsli áður en því er veitt í viðtaka. Stofnunin telur gríðarlega mikilvægt að fjallað verði um raunhæfa kosti í tengslum við meðhöndlun úrgangs í umhverfismatsskýrslu og leggur því til að úrgangsmyndun og ráðstöfun úrgangs verði sérstakur matsþáttur í skýrslunni. Gera þurfi ítarlega grein fyrir þeim möguleikum sem séu fyrir hendi til að lágmarka myndun úrgangs frá landeldinu, hvernig hægt sé að stuðla að endurnýtingu úrgangs eða förgun og þeim umhverfisáhrifum sem stafa af mismunandi fyrirkomulagi hvað það varðar. Ein meginforsenda þess að hægt sé að fara í framleiðslu af slíku umfangi sem hér er fjallað um sé að lausn finnist á því hvernig fiskiseyra verði meðhöndluð. Stofnunin telur afar jákvætt og í raun nauðsynlegt að endurnýtingarmöguleikar séu skoðaðir því fiskiseyra er næringarrík og inniheldur m.a. fosfór, nitur og kolefni, sem nýta má t.a.m. til áburðar- eða orkuvinnslu.

Í svörum Laxóss kemur fram að gerð verði grein fyrir meðhöndlun, flutningi og ráðstöfun lífræns úrgangs frá starfseminni, þar á meðal mögulegri nýtingu hans, viðtakendum, aðstöðu og leyfum eftir því sem við á. Ef gert sé ráð fyrir nýtingu úrgangs sem áburðar verði jafnframt fjallað um staðsetningu, framkvæmd og möguleg umhverfisáhrif þeirrar ráðstöfunar.

HMS tekur undir ábendingar Matvælastofnunar og Náttúruverndarstofnunar um umfjöllun um meðferð úrgangs frá fyrirhuguðu fiskeldi.

- Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir lífrænum úrgangi sem berst frá starfseminni. Gera þarf grein fyrir samsetningu úrgangsins, fyrirhugaðri förgun hans, flutningi og umhverfisáhrifum hans.

Áhrif á ásýnd

Í matsáætlun Laxóss kemur fram að í umhverfismatinu verði nánar lagt mat á hvernig fyrirhuguð mannvirki, landmótun, vegir, lagnir og önnur sýnileg ummerki geti haft áhrif á ásýnd svæðisins og upplifun lands og strandar. Eftir því sem þörf reynist á verði aflað frekari gagna með vettvangsathugunum, sjónrænum greiningum, ljósmyndaskráningu og samantekt á helstu sjónarhornum.

HMS bendir á að gera verður grein fyrir sjónrænum áhrif á myndrænan hátt með líkanmyndum og skýringarmyndum og taka t.a.m. myndir á svæðum sem talin eru viðkvæm m.t.t. ásýndar.

- Leggja þarf mat á umfang framkvæmdarinnar og áhrifum hennar og bera saman við viðkvæmni svæðisins m.t.t. breytinga á ásýnd með líkanmyndum og einföldum skýringarmyndum.

Áhrif á menningarminjar

Í kafla 5.1.2 í matsáætlun segir að greining á hugsanlegum áhrifum framkvæmdarinnar á menningarminjar verði endurskoðuð.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er bent á að í matsáætlun framkvæmda aðila mætti umfjöllun um menningarminjar og áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þær vera nákvæmari, svo sem með því að vísa í nýjustu skráningu.

HMS tekur undir með Minjastofnun og bendir á nauðsyn þess að öll umfjöllun um minjar byggji á nýjustu gögnum.

- Í umhverfismatsskýrslu þarf að sýna afstöðu minja til fyrirhugaðra framkvæmda á korti eða loftmynd. Gera þarf grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna menningarminja.

Áhrif á fugla

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að fyrirhuguð sé úttekt á fuglalífinu á tímabilinu 15. maí til 15. júní 2026 en ekki kemur fram hvort fyrirhugað sé að gera úttekt á öðrum tíma. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf einnig að kanna hvaða fuglar nýta svæðið að vetrarlagi en straumendur hafa t.d. sést á nærliggjandi vetrarfuglatalningarsvæðum. Samkvæmt úttekt á fuglalífi í tengslum við Árskógsvirkjun nýta straumendur einnig allt vatnasvið Þorvaldsár á varptíma.

Náttúrufræðistofnun bendir einnig á að reynsla frá öðrum eldisstöðvum sýni að úrgangur sem fylgi samskonar starfsemi geti haft mikið aðdráttarafl fyrir fugla af stóru svæði. Ef mótvægisáðgerðir við ásókn fugla feli í sér fugladráp þá myndu þau áhrif ná langt út fyrir

athafnasvæðið og því sé afar mikilvægt að ganga þannig frá frárennismálum að ekki komi til þess.

Í svörum Laxóss kemur fram að umhverfismat á fuglalífi verði byggt á vettvangsgögnum og fyrirbyggjandi athugunum. Sérstaklega verði skoðað hvort straumönd og aðrar tegundir á válista verpi á svæðinu. Vettvangsskoðun í lok apríl 2025 bendi ekki til að svo sé en nú verður önnur skoðun um mánaðamótin maí /júní 2026.

Náttúruverndarstofnun bendir í umsögn sinni á mikilvægi þess að umhverfismatið byggji á vettvangsrannsóknnum á framkvæmdar- og áhrifasvæði á varptíma, þar sem aflað sé upplýsinga um tegundasamsetningu, varp, nýtingu svæðisins og mikilvægi þess sem búsvæðis. Á framkvæmdatíma þurfi að meta áhrif vegna rasks á búsvæðum á framkvæmdar- og áhrifasvæði, landfyllingar og breytinga á strand- og fjörusvæðum á fuglalíf. Á rekstrartíma þurfi að meta áhrif aukinnar umferðar, hávaða, lýsingar og annarrar starfsemi á fuglalíf og nýtingu búsvæða. Stofnunin bendir á að jaðaráhrif vegna bygginga og starfseminnar geti valdið því að fuglar færi sig frá svæðinu og að óvíst sé hvernig þeim gangi að nýta ný búsvæði. Við matið þurfi að taka sérstaklega tillit til ábyrgðartegunda Íslands og fuglategunda á válista, þar sem Ísland beri sérstaka verndarskyldu gagnvart þeim.

HMS bendir á að gera þarf grein fyrir því hvernig fuglar nýta framkvæmdasvæðið og nánasta umhverfi þess. Meta þarf hvaða áhrif úrgangur muni hafa á fuglalíf á svæðinu.

- Í umhverfismatsskýrslu þarf að upplýsa um hvaða tegundir fugla nýta fyrirhugað framkvæmdasvæði og umhverfi þess sem ætla má að verði fyrir áhrifum af fyrirhugaðri starfsemi. Upplýsa þarf um hvernig fuglar nýta svæðið að vetri sem og sumri. Í skýrslunni þarf að meta áhrif framkvæmdanna á fugla.
- Í umhverfismatsskýrslu þarf að greina frá mögulegum áhrifum úrgangs frá starfseminni á fugla. Upplýsa þarf um mótvægisáðgerðir sem ráðgert er að beita til að lágmarka neikvæð áhrif á fugla.

Áhrif á gróður og vistgerðir

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að æskilegt sé að skoða gróður einnig í júlí/ágúst því ekki séu allar tegundir sprottnar 15. júní. Engar friðaðar æðplöntur eða æðplöntur á válista hafi verið skráðar á svæðinu, né aðrar fágætar æðplöntur. Hafa beri þó í huga að svæðið er vanskráð, sérstaklega með tilliti til skráningar í votlendi.

Náttúruverndarstofnun bendir í umsögn sinni á að mikilvægt sé að umhverfismatið byggist á kortlagningu vistgerða á framkvæmdar- og áhrifasvæði, þ.m.t. á svæðum vegna vatnslagna, efnistöku og vegagerðar. Skrá þarf afmörkun, útbreiðslu, ástand og verndargildi vistgerða og leggja mat á bæði beint og óbeint rask, þar á meðal jaðaráhrif á nærliggjandi vistgerðir. Sérstaklega þarf að fjalla um fjöruvistgerðir og strandvistkerfi sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna landfyllingar og breytinga á strandlínu. Einnig er mikilvægt að niðurstöður verði nýttar við mat á valkostum og útfærslu framkvæmdar, mótun mótvægisáðgerða og vöktun, þar á meðal til að skilgreina svæði sem beri að vernda eða endurheimta.

Í svörum Laxóss kemur fram að í umhverfismati verði gerð grein fyrir vistgerðum og gróðri á framkvæmda- og áhrifasvæði, þ.m.t. á svæðum vegna vatnslagna, efnistöku og vegagerðar eftir því sem við á. Fjallað verði um útbreiðslu, ástand og verndargildi vistgerða, sem og beint og óbeint rask, þar með talið jaðaráhrif. Ef votlendi sem nýtur sérstakrar verndar eða friðaðar plöntur finnast innan framkvæmda- eða áhrifasvæðis verði fjallað um það og tekið mið af gildandi verndarákvæðum.

HMS tekur undir ábendingar Náttúruverndarstofnunar um að mat á áhrifum á gróður og vistgerðir þarf að taka til allra framkvæmdaþátta, þar á meðal landfyllinga.

- Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áhrifum allra mannvirkja, þar með talið tengdra framkvæmda líkt og landfyllingar, á gróður og vistgerðir. Gera þarf grein fyrir skiptingu í vistgerðir og upplýsa um umfang þeirra og verndargildi. Mikilvægt er að gera sérstaklega grein fyrir votlendi og vistgerðum með hátt verndargildi.

Kynning og samráð

Í 7. kafla matsáætlunar er fjallað um kynningu og samráð. Í kaflanum eru engar upplýsingar um frumkvæði framkvæmdaraðila að samráði en vísað í lögbundna kynningu matsáætlunar og umhverfismatsskýrslu.

Kjartan Gústafsson landeigandi á svæðinu gerir í umsögn sinni athugasemd við að ekki hafi verið haft samband við sig vegna framkvæmdanna.

HMS bendir á nauðsyn þess að framkvæmdaraðili sýni frumkvæði að því að upplýsa landeigendur og aðra þá sem hafa einhverja hagsmuni sem kunna að skarast við fyrirhugaða starfsemi Laxóss um áformin og kalla eftir ábendingum þeirra eftir því sem við á. Sérstaklega er bent á að upplýsa sjófarendur og veiðifélög sem kunna að vera fyrir áhrifum.

- Í umhverfismatsskýrslu ber að gera grein fyrir niðurstöðu samráðs sem framkvæmdaraðili hafði við gerð umhverfismatsskýrslu.

Skipulag og leyfi

HMS bendir á að í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvaða leyfum framkvæmdin og starfsemi sem henni fylgir er háð ásamt fyrirbyggjandi skipulagsáætlunum og lýsingu á hvernig fyrirhuguð framkvæmd samræmist þeim eða upplýsingar um stöðu við gerð skipulagsáætlana.

Reykjavík, 25. júní 2026

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir

* Rafræn skilríki

HMS Húsnæði
Mannvirki
Skipulag

Pórdís Stella Erlingsdóttir

Pórdís Stella Erlingsdóttir
Sérfræðingur, umhverfismat
Svið skipulags og umhverfismats

Undirritað með **OneSign**

* Rafræn skilríki

HMS Húsnæði
Mannvirki
Skipulag

Egill Þórarinnsson

Egill Þórarinnsson
Teyrnissgjafi, umhverfismat
Svið skipulags og umhverfismats

Undirritað með **OneSign**